

WORKED ALL ZONES AWARD (WAZ)

1. KAFLI - KYNNING

CQ Worked All Zones Award (WAZ) viðurkenningarskjalið og mismunandi útgáfur þess eru gefnar út til radióamatöra, sem geta framvísað gögnum sem staðfesta að þeir hafi haft sambönd við stöðvar í sérhverju hinna 40 skilgreindu landssvæða í heiminum (*e. zones*).

Framvísa þarf QSL kortum til staðfestingar á samböndum. Í flestum tilvikum má framvísa þeim hjá Jónasi Bjarnasyni, TF2JB, Sóltúni 5a, Hvanneyri, 311 Borgarnes (tölvupóstur: jonas@hag.is) sem er viðurkenndur kortaskoðari CQ tímaritsins á Íslandi (*e. Authorized Checkpoint for CQ Awards*) eða senda þau í pósti til til viðurkenningastjóra WAZ í Bandaríkjunum.

WAZ viðurkenningarskjalið hefur verið í boði frá því fyrir seinni heimstyrjöldina og skipast því í flokk með elstu viðurkenningarskjölum radióamatöra. Þótt DXCC einingar (*e. entities*) séu vissulega þáttur sem menn þurfa að hafa í huga þegar unnið er að skjalinu, þá er áherslan fyrst og fremst landfræðileg og í því felst áskorunin.

Viðurkenningarstjóri WAZ er *John Bergman, KC5LK*. Fyrirspurnir er varða viðurkenningarskjalið sem og umsóknir um WAZ má senda til hans á eftirfarandi heimilsfang: POB 792, Brandon, MS 39043-0792. Tölvupóstfang: john@kc5lk.com. Bréf og umsóknir um WAZ má senda beint til tímaritsins: CQ Communications, 25 Newbridge Road, Hicksville, NY 11801, USA.

Umsóknareyðublöð, reglur og landsvæðakort (*e. zone map*) má sækja á heimasíðu CQ tímaritsins: www.cq-amateur-radio.com/wazrules.html. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta beðið um að fá gögnin send á prentuðu formi. Sendu má bréf með ósk þess efnis á annað af ofangreindum heimilisföngum, ásamt miða með nafni og heimilisfangi sendanda (helst límmiða) og þremur alþjóða svarmerkjum.

2. KAFLI - REGLUR

Öll sambönd þurfa að hafa verið höfð af einstaklingi sem er handhafi leyfisbréfs radióamatöra frá stöð, sem notar búnað sem er í samræmi við leyfisbréf viðkomandi. Umsækjandi þarf að hafa rekið stöð sína í samræmi við heimildir leyfisbréfsins, t.d. hvað varðar tegund útgeislunar og útgangsafl sendis. Einvörðungu sambönd við aðrar stöðvar radióamatöra eru tekin gild fyrir WAZ viðurkenningarskjalið.

Öll sambönd þurfa að hafa verið höfð í tíðnisviðum sem eru heimilud samkvæmt leyfisbréfi.

Umsókn má hafna verði umsækjandi staðinn að því að hafa starfrækt stöð sína utan heimilda samkvæmt leyfisbréfi.

Öll sambönd þurfa að hafa verið höfð frá sama DXCC landi.

Sambönd sem hafa verið höfð af umsækjanda, en undir öðru eða öðrum kallmerkum sem skráð eru eða hafa verið skráð á hann, eru gild. Í slíkum tilvikum þarf umsækjandi að framvísa staðfestu ljósriti af slíku leyfisbréfi eða leyfisbréfum.

CQ WAZ landsvæðakortið ásamt meðfylgjandi gögnum eru notuð til að ákvarða staðsetningar stöðva.

Komi í ljós, að einhverju sé áfátt hvað varðar umsókn eða meðfylgjandi QSL kort, er umsækjanda gert mögulegt að bæta þar um. Í slíkum tilvikum er leitast við að hafa samband um tölvupóst.

Sá sem sækir um WAZ viðurkenningarskjalið undirgengst að virða úrskurð viðurkenningastjóra WAZ (*e. WAZ Manager*) og viðurkenninganefndar CQ (*e. Awards Committee*) komi upp ágreiningur. Gangi mál lengra, kveður ráðgefandi viðurkenninganefnd CQ (*e. DX Advisory Committee*) upp endanlegan úrskurð.

3. KAFLI - QSO OG QSL KORT

Öll QSO skulu vera gild sambönd (e. *two-way*) þar sem báðar stöðvar hafa notað sömu tegund útgeislunar.

QSL kort þurfa að uppfylla lágmarksskilyrði þar sem eftirtaldar upplýsingar eru skráðar:

1. Kallmerki beggja stöðva.
2. Dagsetning sambands.
3. Tímasetning sambands (helst UTC).
4. Tíðnisvið eða band sem notað var fyrir samband.
5. Tegund útgeislunar.
6. QTH viðkomandi stöðvar, þ.e. land, ríki/fylki, borg.

QSL kort sem ekki hafa þessar upplýsingar skráðar, kunna að verða dæmt ógild í þágu umsóknar um WAZ og það endursent umsækjanda með beiðni um nýtt kort.

eQSL kort eru tekin gild svo framarlega sem þau samræmast kröfum CQ. Sjá nánar nýjustu upplýsingar á heimasíðu CQ: <http://www.cq-amateur-radio.com/wazrules.html>.

Dæmi um sambönd sem ekki eru tekin gild:

1. Sambönd sem ekki eru höfð á sama bandi (e. *cross-band*).
2. Sambönd sem ekki eru höfð með því að nota sömu tegund útgeislunar (e. *cross-mode*).
3. Sambönd við stöðvar í flugförum (e. *aeronautical mobile*).
4. Sambönd við stöðvar í sjóförum (e. *maritime mobile*).
5. Sambönd við stöðvar staðsettar á ísjökum (e. *located on floating ice*).
6. Sambönd við stöðvar um borð í skipum sem eru í höfn (e. *ships anchored in port*).

Komi í ljós, að á einhvern hátt hafi verið reynt að breyta eða falsa QSL kort sem fylgja umsókn um WAZ viðurkenningarskjalið, kann umsókn að verða hafnað. Undir sérstökum kringumstæðum getur viðurkenningarstjóri WAZ þó veitt heimild til endurinnsendingar. Þótt QSL kort sé undir eðlilegum kringumstæðum samþykkt sem sönnun þess að samband hafi farið fram, skoðast endanleg sönnun sambands vera skráning í radíódagbók.

Virði umsækjandi ekki ósk viðurkenningarstjóra um endurinnsendingu ganga innan eðlilegs tíma, getur viðurkenningarstjóri hafnað umsókn.

4. KAFLI - MISMUNANDI ÚTGÁFUR AF WAZ

WAZ auðkennt með tegund útgeislunar

Teg. útgeislunar (mótun)	Band	Gild sambönd; frá	Staðfesting kortaskoðara	Aths.
MIXED (hvaða samsetning sem er)	Öll	14. nóv. 1945	Já	Skýring nr. 1
AM	Öll	14. nóv. 1945	Já	
SSB	Öll	14. nóv. 1945	Já	
CW	Öll	14. nóv. 1945	Já	
RTTY	Öll	14. nóv. 1945	Já	
SSTV	Öll	1. jan. 1973	Já	
DIGITAL	Öll	1. jan. 2000	Nei	Skýring nr. 2

Skýring-1: Hætt er að veita viðurkenningamiða (*endorsements*) fyrir WAZ viðurkenningarskjalið með auðkenningu fyrir CW/PHONE. Það skjal er ekki lengur til sem slíkt og hefur hlotið nýtt nafn, þ.e. MIXED Mode. Númeraröð útgefinna viðurkenningaskjala samkvæmt eldra heiti hefur verður haldið áfram undir hinu nýja nafni.

Skýring-2: WAZ viðurkenningarskjalið sem er auðkennt með áletruninni DITIGAL er nýjasta WAZ viðurkenningarskjalið frá CQ. Öll sambönd sem höfð eru með stafrænni tegund útgeislunar eru gild, þ.á.m. PSK-31, AMTOR, PACTOR og Spread Spectrum.¹ Viðkomandi tegund stafrænnar útgeislunar þarf að vera skráð á QSL kort sem framvísað er vegna umsóknar um WAZ DIGITAL. Leyfisafi getur valið eina tiltekna tegund stafrænnar útgeislunar (eða fleiri) þegar hann vinnur að þessu viðurkenningarskjali. Sambönd á RTTY gilda ekki þar sem RTTY hefur eigið sérgreint WAZ viðurkenningarskjal.

WAZ auðkennt með bandi

Band	Teg. útgeislunar (mótun)	Gild sambönd; frá	Staðf. kortaskoðara	Aths.
160 Metrar	Einvörðungu „mixed-mode“	1. janúar 1975	Nei	Skýring nr. 3
80, 40, 20, 15 eða 10 M	Sérhver ein teg. útgeislunar	1. janúar 1973	Já	„Mixed mode“ ekki í boði
30 Metrar	Sérhver ein teg. útgeislunar	1. janúar 1991	Já	„Mixed mode“ ekki í boði
17 Metrar	Sérhver ein teg. útgeislunar	1. janúar 1991	Já	„Mixed mode“ ekki í boði
12 Metrar	Sérhver ein teg. útgeislunar	1. janúar 1991	Já	„Mixed mode“ ekki í boði
SATELLITE	Einvörðungu „mixed-mode“	1. janúar 1989	Nei	Skýring nr. 4
6 Metrar	Einvörðungu „mixed-mode“	1. janúar 1973	Nei	Skýring nr. 4
EME	Einvörðungu „mixed-mode“	1. janúar 1973	Nei	Skýring nr. 4

Skýring-3: WAZ viðurkenningarskjalið með 160 metra auðkenningu gerir kröfur um staðfest sambönd við stöðvar á a.m.k. 30 svæðum (*zones*). Viðurkenningarmiðar (*endorsements*) eru í boði fyrir 35, 36, 37, 38, 39 og 40 svæði. Umsóknir um „WAZ 160“ þurfa að berast til viðurkenningarstjóra CQ í Bandaríkjunum.

Skýring-4: WAZ viðurkenningarskjöl með „Satellite“ og „6 metra“ auðkenningum, gera hvort um sig kröfu um staðfest sambönd við stöðvar á a.m.k. 25 svæðum. Viðurkenningarmiðar eru í boði fyrir 30, 35, 36, 37, 38, 39 og 40 svæði. Staðfest sambönd vegna umsókna um „Satellite“ og „EME“ auðkenningar má hafa haft á tilteknu bandi eða mörgum böndum. Umsóknir um WAZ með auðkenningu fyrir „Satellite“, „6 metra“ og „EME“ þurfa að berast til viðurkenningarstjóra CQ í Bandaríkjunum.

Sérgreining WAZ viðurkenningarskjalsins

Undir sérstökum kringumstæðum má fá WAZ viðurkenningarskjalið sérgreint að öðru leyti en fram kemur að ofan (þó að undanskildu 5BWAZ og 160 metra WAZ). Hér er t.d. átt við ef öll sambönd eru höfð á QRP eða ef öll sambönd eru höfð úr bifreið (*e. mobile*). Í slíkum tilvikum þurfa innsend QSL kort að bera greinilega vott um slíka sérstöðu.

5 banda WAZ

Umsækjendur sem uppfylla kröfur um staðfest sambönd við stöðvar í öllum 40 landssvæðum heimsins á 80, 40, 20, 15 og 10 metra böndunum (í heild 200 sambönd) geta sótt um sérstaka viðurkenningu til staðfestingar þessa árangurs.

Forsenda umsóknar um 5BWAZ er að umsækjandi sé handhafi WAZ viðurkenningarskjals. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar á 5BWAZ umsóknareyðublaðið: Raðnúmer WAZ skjals, dagsetning útgáfu og upplýsingar um hverskonar skjal er að ræða (t.d. auðkennt með bandi).

Hægt er að sækja um 5 banda WAZ þegar a.m.k. 150 landssvæðum er náð (í hvaða samsetningu sem er). Þá er gefið út 5BWAZ viðurkenningarskjal með sérstöku raðnúmeri þar sem fram kemur fjöldi landssvæða að baki viðurkenningunni. Sérstaklega þarf að senda inn umsóknir og QSL kort fyrir hver 10 landssvæði umfram grunnfjölda.

¹ Ath. ekki endanleg upptalning.

Þegar 200 landssvæða takmarkinu er náð, fær umsækjandi sent endanlegt viðurkenningamerki til álímingar á viðurkenningarskjalið (önnur viðurkenningamerki eru ekki í boði). Jafnframt gefst kostur á að kaupa sérstakan ágrafinn málmviðurkenningarskjöld sem festur er á sexstrendan viðargrunn, árangri til staðfestingar.

5BWAZ er ekki fáanlegt fyrir eina tegund útgeislunar, heldur einvörðungu sem „Mixed Mode“.

Gild QSO: Sambönd þurfa að hafa farið fram eftir kl. 00:00 1. janúar 1979.

Framvísa má mest mest 170 QSL kortum hjá TF2JB sem er viðurkenndur kortaskoðari tímaritsins á Íslandi (*e. Authorized Checkpoint for CQ Awards*). Þegar kortaskoðari hefur samþykkt og undirritað umsókn, er heimilt að fylla út annað umsóknareyðublað vegna viðurkenningamerkja. Upphaflega umsóknin (sem undirrituð er af kortaskoðara) þarf að fylgja umsókninni um viðurkenningamerkin í sama umslagi (ásamt viðeigandi fjölda korta) og póstleggja til viðurkenningastjóra WAZ í Bandaríkjunum

Allar umsóknir um viðurkenningamerki þarf að senda ásamt kortum til viðurkenningastjóra WAZ. Nota skal eyðublað CQ nr. 1479. Nota skal sér blað fyrir hvert band.

Þegar um er að ræða QSL kort með upplýsingum um fleira en eitt QSO, skal gera grein fyrir þeim samböndum á sérstakri samantektarsíðu, þar sem fram kemur kallmerki og upplýsingar um þau bönd sem staðfest eru á viðkomandi korti.

5. KAFLI – AÐ SÆKJA UM WAZ

Umsóknareyðublað

Notið umsóknareyðublað nr. 1479 frá CQ fyrir allar umsóknir. Eyðublaðið þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. Kallmerki sem notuð hafa verið af umsækjanda, þ.e. þau sem fram koma á QSL kortum.
2. Nafn umsækjanda.
3. Póstfang umsækjanda.
4. Dagsetning umsóknar.
5. Hvers konar WAZ viðurkenningarskjal er sótt um.
6. Landssvæði (*e. zones*) hvernar stöðvar sem haft er samband við.
7. Kallmerki hvernar stöðvar sem haft er samand við.
8. Dagsetning og ár hvers sambands.
9. Tímasetning hvers sambands.
10. Band eða tíðni hvers sambands.
11. Tegund útgeislunar hvers sambands.

Innsending umsóknar

Mikilvægt er að umsóknareyðublaðið sé fyllt út í hástöfum eða slegið inn í tölvu þar sem upplýsingar verða að vera vel læsilegar.

Látið fylgja upplýsingar um tölvupóstfang (ef slíkt er fyrir hendi).

Sækið um eitt viðurkenningarskjal í hverri umsókn. Sérhverri umsókn þarf að fylgja nægjanleg fjárhæð til þess að hægt sé að afgreiða umsóknina. Sjá verðskrá.

Ef umsækjandi er áskrifandi að CQ tímaritinu, skal láta fylgja með til sönnunar á áskrift, límmiði af pakkningu utan um nýjasta hefti tímaritsins.

Notkun QSL korta í umsóknum fyrir önnur WAZ viðurkenningarskjöl

Kort sem lögð hafa verið til grundvallar WAZ viðurkenningarskjölum á einu bandi má nota til umsóknar um 5 banda WAZ.

Viðurkenningar á viðargrunni og viðurkenningarskjöl

Ágráfnir WAZ málmviðurkenningarskildir á viðargrunni og prentuð viðurkenningarskjöl eru póstlögð innan 60-90 daga eftir afgreiðslu umsóknar á skrifstofu CQ tímaritsins í New York. Afgreiðsla þeirra er þar af leiðandi ekki gerð af viðurkenningarstjóra eða kortaskoðara. Sjá verðskrá hvað varðar aukakostnað vegna hraðsendinga.

KAFLI 6 – TILLÖGUR UM BURÐARGJALD.

Kostnaður við endursendingu korta

Áhersla er lögð á að nægjanlegt fé fylgi með umsókn til að standa straum af endursendingu QSL korta. Áætlaður kostnaður sem birtur er í töflunni hér fyrir neðan er birtur með fyrirvara.

Áætlaður kostnaður	1. flokkur	1. flokkur, ábyrgð
Evrópa, m.v. 40 QSL kort	\$5.00	\$14.00
Evrópa, m.v. 200 QSL kort	\$14.00	\$22.00

Ef ófullnægjandi fjárhæð (eða jafnvel engin) er send með umsókn vegna kostnaðar af endursendingu QSL korta, eru þau send með 3. flokks pósti sem í sumum tilvikum kann að vera sjópóstur. Það er umsækjanda að ákveða hvernig hann vill fá QSL kort sín til baka. Það er á ábyrgð umsækjanda að hann pakki kortunum það vel að þau verði ekki fyrir skemmdum í flutningi og jafnvel týnist. Viðurkenningarstjóra WAZ ber að pakka endursendum QSL kortum með tilliti til reglna bandaríska póstsins og regla bandarískra tollayfirvalda.

Í boði er að fá WAZ og 5BWAZ viðurkenningarskjölin send í flugpósti. Það kostar \$6.00 aukalega.

Kaflí 7 – Verðskrá.

Kostnað vegna útgáfu á WAZ viðurkenningarskjölunum má greiða á eftirfarandi hátt:

1. Í bandarískum dollurum.
2. Með Pay Pal. Reikningurinn er á nafni Playd Gerald (viðurkenningastjóra).
3. Með alþjóða svarmerkjum (IRA). 1 IRC jafngildir \$1.00.
4. Ekki má gleymast að láta fylgja fé vegna kostnaðar við endursendingu QSL korta.

Útgáfa WAZ viðurkenningarskjalsins – gjaldskrá

Viðurkenningarskjál	Áskrifandi CQ	Aðrir
Öll „40 QSL korta“ WAZ skjöl (þ.m.t. fyrir 160 metra)	\$6.00	\$12.00
5BWAS – grunnkjál (fyrstu 150 landsvæðin)	\$10.00	\$15.00
5BWAS – viðurkenningarmerki (hver 10 landsvæði til viðbótar)	\$2.00	\$5.00
160m, 6m, EME, Satellite viðurkenningarmerki, umsýslukostnaður	\$2.00	\$5.00
160m, 6m, EME, Satellite viðurkenningarmerki (35,36,37,38,39,40 landsvæði); hvert merki	\$2.00	\$2.00
Endurnýjuð útgáfa á WAZ viðurkenningarskjali (vegna taps/tjóns)	\$20.00	\$30.00
Endurnýjuð útgáfa á WAZ viðurkenningarskjali (vegna breytingar á kallmerki)	\$40.00	\$50.00
5BWAZ ágráfinn WAZ málmviðurkenningarskjöldur á viðargrunni	\$100.00	\$100.00
5BWAZ ágráfinn WAZ málmviðurkenningarskjöldur á viðargrunni með flugi	\$120.00	\$120.00
Kostnaður vegna sendingar á WAZ viðurkenningarskjali með flugi	\$5.00	\$5.00

Kafli 8 – Svæða-/landa/einingalisti (birt með fyrirvara um breytingar)

Svæði 1. Northwestern Zone of North America: **KL** (Alaska), **VY1** Yukon, **VE8** the Northwest and **VY0** Nunavut Territories west of 102 degrees (includes the islands of Victoria, Banks, Melville, and Prince Patrick).

Svæði 2. Northeastern Zone of North America: **VO2** (Labrador), the portion of **VE2** Quebec north of the 50th parallel, and Nunavut Territories east of 102 degrees (includes the islands of King Christian, King William, Prince of Wales, Somerset, Bathurst, Devon, Ellesmere, Baffin and the Melville and Boothia Peninsulas, excluding Akimiski Island, Bear Islands, and East Pen Island in Hudson Bay).

Svæði 3. Western Zone of North America: **VE7** (British Columbia), **W6**, and the **W7** states of Arizona, Idaho, Nevada, Oregon, Utah, and Washington.

Svæði 4. Central Zone of North America: **VE3** (Ontario), **VE4** (Manitoba), **VE5** (Saskatchewan), **VE6** (Alberta), **VY0** Akimiski Island, and Bear Islands, East Pen Island in Hudson Bay. The **W7** states of Montana and Wyoming, **W0**, **W9**, **W8** (except West Virginia), **W5**, and the **W4** states of Alabama, Tennessee, and Kentucky.

Svæði 5. Eastern Zone of North America: **4UIUN**, **CY9** (St. Paul Is.), **CY0** (Sable Is.), **FP** (St. Pierre & Miquelon), **VE1** (New Brunswick) and **VE9** (Nova Scotia), **VY2** (Prince Edward Is.), **VO1** (Newfoundland) and the portion of **VE2** Quebec south of the 50th parallel. **VP9** (Bermuda), **W1**, **W2**, **W3**, and the **W4** states of Florida, Georgia, South Carolina, North Carolina, Virginia, and the **W8** state of West Virginia.

Svæði 6. Southern Zone of North America: **XE** (Mexico), **XF4** (Revilla Gigedo).

Svæði 7. Central American Zone: **FO** (Clipperton), **HK0** (San Andres Is.), **HP** (Panama), **HR** (Honduras), **TG** (Guatemala), **TI** (Costa Rica), **TI9** (Cocos Is.), **V3** (Belize), **YN** (Nicaragua), and **YS** (El Salvador).

Svæði 8. West Indies Zone: **C6** (Bahamas), **CO** (Cuba), **FG** (Guadeloupe), **FM** (Martinique), **FS** (Saint Martin), **HH** (Haiti), **HI** (Dominican Republic), **J3** (Grenada), **J6** (St. Lucia), **J7** (Dominica), **J8** (St. Vincent), **KG4** (Guantanamo Base), **KP1** (Navassa Is.), **KP2** (Virgin Islands), **KP4** (Puerto Rico), **KP5** (Navassa Is.), **PJ** (Saba, St. Maarten, St. Eustatius), **V2** (Antigua and Barbuda), **V4** (St. Kitts and Nevis), **VP2E** (Anguilla), **VP2M** (Montserrat), **VP2V** (British Virgin Is.), **VP5** (Turks and Caicos Is.), **YV0** (Aves Is.), **ZF** (Cayman Is.), **6Y** (Jamaica), and **8P** (Barbados).

Svæði 9. Northern Zone of South America: **FY** (French Guyana), **HK** (Colombia), **HK0** (Malpelo Is.), **P4** (Aruba), **PJ** (Bonaire, Curacao), **PZ** (Surinam), **YV** (Venezuela), **8R** (Guiana), and **9Y** (Trinidad and Tobago Is.).

Svæði 10. Western Zone of South America: **CP** (Bolivia), **HC** (Ecuador), **HC8** (Galapagos Is.), and **OA** (Peru).

Svæði 11. Central Zone of South America: **PY** (Brazil), **PY0** (Fernando de Noronha), **PY0** (St. Peter and Paul Rocks), and **PY0** (Trinidad & Martin Vaz), **ZP** (Paraguay).

Svæði 12. Southwest Zone of South America: **CE** (Chile), **CE0** (Easter Is.), **CE0** (Juan Fernandez Is.), **CE0** (San Felix Is.), **3Y** (Peter I), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 13. Southeast Zone of South America: **CX** (Uruguay), **LU** (Argentina), all **VP8** Islands, and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 14. Western Zone of Europe: **C3** (Andorra), **CT** (Portugal), **CU** (Azores Is.), **DL** (Germany), **EA** (Spain), **EA6** (Balearic Is.), **EI** (Ireland), **F** (France), **G** (England), **GD** (Isle of Man), **GI** (Northern Ireland), **GJ** (Jersey), **GM** (Scotland), **GU** (Guernsey), **GW** (Wales), **HB** (Switzerland), **HB0** (Liechtenstein), **LA** (Norway), **LX** (Luxembourg), **ON** (Belgium), **OY** (Faroe Is.), **OZ** (Denmark), **PA** (Netherlands), **SM** (Sweden), **ZB** (Gibraltar), **3A** (Monaco), and **4UIITU** (ITU, Geneva).

Svæði 15. Central European Zone: **ES** (Estonia), **HA** (Hungary), **HV** (Vatican), **I** (Italy), **IS0** (Sardinia), **LY** (Lithuania), **OE** (Austria), **OH** (Finland), **OH0** (Aland Is.), **OJ0** (Market Reef), **OK** (Czech Rep.), **OM** (Slovakia), **S5** (Slovenia), **SP** (Poland), **T7** (San Marino), **T9** (Bosnia & Herzegovina), **TK** (Corsica), **UA2** (Kaliningrad), **YL** (Latvia), **YU** (Serbia), **YU6** (Montenegro), **ZA** (Albania), **Z3** (Macedonia), **1A0** (SMOM), **9A** (Croatia), **9H** (Malta), and **4UIVIC** (UN Center Geneva).

Svæði 16. Eastern Zone of Europe: **EW** (Belarus), **ER** (Moldova), **RIM** (MV Island), **UA1**, **UA3**, **UA4**, **UA6**, **UA9** (S, W), and **UR** (Ukraine).

Svæði 17. Western Zone of Siberia: **EX** (Kirgizstan), **EY** (Tajikistan), **EZ** (Turkmenistan), **UA9** (A, C, F, G, J, K, L, M, Q, X), **UK** (Uzbekistan), and **UN** (Kazakhstan).

Svæði 18. Central Siberian Zone: **UA8** (T, V), **UA9** (H, O, U, Y, Z), and **UA0** (A, B, H, O, S, U, W).

Svæði 19. Eastern Siberian Zone: **UA0** (C, D, F, I, J, K, L, Q, X, Z).

Svæði 20. Balkan Zone: **E4** (Palestine), **JY** (Jordan), **LZ** (Bulgaria), **OD** (Lebanon), **SV** (Greece), **SV/A** (Mt. Athos), **SV5** (Dodecanese), **SV9** (Crete), **TA** (Turkey), **YK** (Syria), **YO** (Romania), **ZC4** (UK Sov. Base), **4X** (Israel), and **5B** (Cyprus).

Svæði 21. Southwestern Zone of Asia: **A4** (Oman), **A6** (United Arab Emirates), **A7** (Qatar), **A9** (Bahrain), **AP** (Pakistan), **EK** (Armenia), **EP** (Iran), **HZ** (Saudi Arabia), **YA** (Afghanistan), **YI** (Iraq), **4J** (Azerbaijan), **4L** (Georgia), **7O** (excluding Socotra Is. and Abd al Kuri Is.), and **9K** (Kuwait).

Svæði 22. Southern Zone of Asia: **A5** (Bhutan), **S2** (Bangladesh), **VU** (India), **VU** (Lakshadweep Is.), **4S** (Sri Lanka), **8Q** (Maldives), and **9N** (Nepal).

Svæði 23. Central Zone of Asia: **JT** (Mongolia), **UA0Y**, **BY3G-L** (NeiMenggu), **BY9G-L** (GanSu), **BY9M-R** (NingXia), **BY9S-Z** (QingHai), and **BY0**.

Svæði 24. Eastern Zone of Asia: **BV9P** (Pratas Is.), **BV** (Taiwan), **BY1**, **BY2**, **BY3A-F** (TianJin), **BY3MR** (HeBei), **BY3S-X** (ShanXi), **BY4**, **BY5**, **BY6**, **BY7**, **BY8**, **BY9A-F** (ShaanXi), **VR** (Hong Kong), and **XX** (Macau).

Svæði 25. Japanese Zone: **HL** (South Korea), **JA** (Japan), and **P5** (North Korea).

Svæði 26. Southeastern Zone of Asia: **E2** (Thailand), **VU** (Andaman and Nicobar Islands), **XV** (Vietnam), **XU** (Cambodia), **XW** (Laos), **XZ** (Myanmar), and **IS/9M0** (Spratly Islands).

Svæði 27. Philippine Zone: **BS7** (Scarborough Reef), **DU** (Philippines), **JD1** (Minami Torishima), **JD1** (Ogasawara), **T8** (Palau), **KH2** (Guam), **KH0** (Mariana Is.), **V6** (Fed. States of Micronesia).

Svæði 28. Indonesian Zone: **H4** (Solomon Is.), **P2** (Papua New Guinea), **V8** (Brunei), **YB** (Indonesia), **4W** (East Timor), **9M** (West and East Malaysia), and **9V** (Singapore).

Svæði 29. Western Zone of Australia: **VK6** (Western Australia), **VK8** (Northern Territory), **VK9X** (Christmas Is.), **VK9C** (Cocos-Keeling Is.), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 30. Eastern Zone of Australia: **FK/C** (Chesterfield Is.), **VK1** (Capital Territory), **VK2** (New South Wales), **VK3** (Victoria) and **VK4** (Queensland), **VK5** (South Australia), **VK7** (Tasmania), **VK9L** (Lord Howe Is.), **VK9M** (Mellish Reef), **VK9** (Willis Is.), **VK0M** (Macquarie Is.), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 31. Central Pacific Zone: **C2** (Nauru), **FO** (Marquesas), **KH1** (Baker & Howland Is.), **KH3** (Johnson Is.), **KH4** (Midway Is.), **KH5K** (Kingman Reef), **KH5** (Palmyra & Jarvis), **KH6** (Hawaii), **KH7K** (Kure), **KH9** (Wake Is.), **T2** (Tuvalu), **T30** (Western Kiribati), **T31** (Central Kiribati), and **T32** (Eastern Kiribati), **T33** (Bananba Is.), **V7** (Marshall Is.), and **ZK3** (Tokelau).

Svæði 32. New Zealand Zone: **A3** (Tonga), **E5** (North and South Cook Is.), **FK** (New Caledonia but NOT Chesterfield Is.), **FO** (French Polynesia and Austral Is. but NOT Marquesas and Clipperton), **FW** (Wallis Is.), **H40** (Temotu), **KH8** (American Samoa), **KH8S** (Swains Isl.), **VK9N** (Norfolk Is.), **VP6** (Pitcairn and Ducie), **YJ** (Vanuatu), **ZK2** (Niue Is.), **ZL** (New Zealand), **ZL7** (Chatham Is.), **ZL8** (Kermadec Is.), **ZL9** (Auckland and Campbell Is.), **3D2** (Fiji, Rotuma, and Conway Reef), **5W** (Western Samoa), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 33. Northwestern Zone of Africa: **CN** (Morocco), **CT3** (Madeira Is.), **EA8** (Canary Is.), **EA9** (Ceuta and/or Melilla), **IG9** (Pelagic Is.), **IH9** & **IG9** (Pantelleria Is. or Pelagic Islands), **S0** (Western Sahara), **3V** (Tunisia), and **7X** (Algeria).

Svæði 34. Northeastern Zone of Africa: **ST** (Sudan), **SU** (Egypt), and **5A** (Libya).

Svæði 35. Central Zone of Africa: **C5** (The Gambia), **D4** (Cape Verde Is.), **EL** (Liberia), **J5** (Guinea Bissau), **TU** (Cote d'Ivoire), **TY** (Benin), **TZ** (Mali), **XT** (Burkina Faso), **3X** (Guinea), **5N** (Nigeria), **5T** (Mauritania), **5U** (Niger), **5V** (Togo), **6W** (Senegal), **9G** (Ghana), and **9L** (Sierra Leone).

Svæði 36. Equatorial Zone of Africa: **D2** (Angola), **S9** (Sao Tome & Principe), **TJ** (Cameroon), **TL** (Central African Rep.), **TN** (Congo), **TR** (Gabon), **TT** (Chad), **ZD7** (St. Helena Is.), **ZD8** (Ascension Is.), **3C** (Equatorial Guinea), **3C0** (Annobon Is.), **9J** (Zambia), **9Q** (Democratic Rep. of Congo), **9U** (Burundi), and **9X** (Rwanda).

Svæði 37. Eastern Zone of Africa: **C9** (Mozambique), **ET** (Ethiopia), **E3** (Eritrea), **J2** (Djibouti), **T5** (Somalia), **5H** (Tanzania), **5X** (Uganda), **5Z** (Kenya), **7O** (Socotra and Abd al Kuri islands ONLY), and **7Q** (Malawi).

Svæði 38. South African Zone: **A2** (Botswana), **V5** (Namibia), **ZD9** (Tristan da Cunha & Gough Is.), **Z2** (Zimbabwe), **ZS** (South Africa) and **ZS8** (Marion Is.), **3DA** (Swaziland), **3Y** (Bouvet Is.), **7P** (Lesotho), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 39. Madagascar Zone: **D6** (Comoros), **FH** (Mayotte), **FR** (Reunion, Glorioso, Juan de Nova, and Tromelin), **FT-W** (Crozet Is.), **FT-X** (Kerguelen Is.), **FT-Z** (Amsterdam & St. Paul Is.), **S7** (Seychelles), **VK0** (Heard Is.), **VQ9** (Chagos), **3B6/7** (Agalega & St. Brandon Is.), **3B8** (Mauritius Is.), **3B9** (Rodriguez Is.), **5R** (Madagascar), and some Antarctic stations (see notes below).

Svæði 40. North Atlantic Zone: **JW** (Svalbard), **JX** (Jan Mayen), **OX** (Greenland), **R1FJ** (Franz Josef Land), and **TF** (Iceland).

Antarctic Notes:

The boundaries of CQ zones 12, 13, 29, 30, 32, 38, and 39 converge at the South Pole.

Stations KC4AAA and KC4USN are at the South Pole and will count for any one of the listed zones.

Most Antarctic stations indicate their zone on the QSL card.

Some call signs and their zones: VK0GM 29, VP8ME 38, YB8ANT 38, and ZL5AA 30. The list changes frequently.

Questions regarding the zone of a particular Antarctic station should be directed to the WAZ Manager, N5FG.